

**Sp.**

## **162. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á íslenskum heilsubrunnum og skilyrðum til hressingarhæla við þá.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort ekki sé lækningaskilyrði fyrir hendi í íslenzku laugavatni, í líkingu við erlenda heilsubrunna, einkum þar, sem að öðru leyti er sérstaklega hentugt að koma upp hressingarhælum sakir fjölmennis, góðra samgangna, náttúrufegurðar og annars þess, sem laða mætti gesti til dvalar.

### **Greinargerð.**

Það er alkunnugt, að á sumum stöðum erlendis safnast fjöldi fólks saman við volgar uppsprettur, sem talið er, að hafi lækningamátt, bæði með því að neyta vatnsins og baða sig í því. Á þessum sömu stöðum eru svo veittar aðrar þær aðgerðir, sem lækna telja nauðsynlegar til þess, að vanheilt fólk fái bót meina sinna við þessa heilsubrunna.

Land vort er að fáu auðugra en heitum uppsprettum, en ekki mun það hafa verið rannsakað að neinu ráði, hvort hér kynnu að vera fyrir hendi skilyrði slík sem þau, er safna fjölda fólks utan um heilsulindir annarsstaðar. Sýnist það vera nokkurnveginn sjálfsagt, að láta rannsaka þetta, bæði vegna landsins barna sjálfra, og þá einnig ef draga mætti hingað gesti frá öðrum löndum til dvalar við hressandi laugar og fagurt umhverfi. Rannsókn slík sem þessi getur naumast kostað slíkt stórfé, að ekki sé vel á hættandi til þess að ganga úr skugga um svo merkilegt atriði.